

Hvort er betra að vera frjáls eða bundinn?

Árið 2000 kom hingað skoskur dómari að nafni David Brady, til að dæma fjárhundakeppni sem haldin var hér í kjósinni. David var spurður að því hvernig honum litist á þá hunda sem hann hafði séð hér. Hann svaraði því til að við ættum góða hunda, það þarf bara að bremsa þá dálítið niður. Hann sagði ennfremur að hér væru hundar sem hann hefði ekkert á móti að eiga.

Ég er búinn að fara tvisvar til Skotlands, í fyrra skiptið fór ég á skoska meistaramótið og í seinna skiptið á heimsmeistaramótið í smalahundakeppni. Keyrt var um skosku hálöndin og vítt og breitt um sveitir landsins. Það var eitt sem ég tók sérstaklega eftir, það sást hvergi laus fjárhundur. Annaðhvort voru þeir í búri, keðjum eða hundakofum. Hér á Íslandi finnst okkur allt í lagi að binda kýrnar á bás hálf tveim árið eða meira, en það er eins og að nefna dauðsmannsgröf ef minnst er á að binda hundinn.

Algengasti dauðdagi hjá Border Collie hér á landi er að þeir verða fyrir bíl.

Af hverju er það ? Jú þeir eru nefninlega alltaf lausir.

Því segi ég það góðir félagar, bindið hundana en gefið kúnum og makanum ykkar meira frelsi.

Kristján Mikkaelsson.